



**SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ**  
REYKJAVÍK

Alþingi  
B.t. Ágústu H. Lárusdóttur  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Alþingi  
Eindi nr. D 117 / 11025  
kennitala 24/3 1994

DAGS. 23. mars 1994  
TILV. JBJ/hl

Ráðuneytið vísar til bréfs yðar frá 3. mars 1994, þar sem óskað er eftir umsögn ráðuneytisins um frumvarp til laga um friðum Breiðafjarðar.

Í 2. gr. frumvarpsins segir að ákvæði laganna taki til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innra hluta fjarðarins innan ákveðinnar línu. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að umhverfissráðherra setji reglugerð um vernd lífríkis og skynsamlega nýtingu þess.

Ráðuneytið lítur svo á, að heimild umhverfissráðherra, verði frumvarp þetta að lögum, til setningar reglugerða um vernd og nýtingu lífríkis á svæðinu, komi einungis til að gilda um þann hluta lífríkisins, sem að öllu leyti eða að hluta til heldur sig á þurru landi. Sjávarútvegsráðherra fari að öllu leyti með vernd og stjórn nýtingar allra þeirra sjávardýra og sjávargróðurs, sem nytjuð eru eða kunna að verða nytjuð, gildi ekki um þau sérlög sbr. 2. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða og 12. gr. auglýsingar nr. 96/1969, um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um Stjórnarráð Íslands.

Ráðuneytið telur rétt, að ofangreind skipting verkefna milli sjávarútvegsráðherra og umhverfissráðherra, verði áréttuð í lagatextanum þannig að ekki valdi misskilningi.

Ráðuneytið telur ekki ástæðu til þess á þessu stigi að koma frekari athugasemdum á framfæri að öðru leyti en því að það telur að huga beri sérstaklega að reglum um selveiðar á þessu svæði.

F.h.r.